

Sp.

97. Breytingartillaga

[14. mál]

við till. til þál. um frystingu kjarnorkuvopna.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Geir Gunnarssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan, Jóhanni Ársælssyni, Margréti Frímansdóttur, Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni.

1. Við tillöguna bætist:

Alþingi ályktar enn fremur að fulltrúar Íslands á alþjóðavettvangi lýsi yfir eindregnum stuðningi við eftirfarandi aðgerðir í afvopnunarmálum:

- a. Öll kjarnorkuveldi skuldbindi sig til að beita ekki kjarnorkuvopnum að fyrra bragði.
- b. Allar tilraunir með hernað í himingeimnum verði tafarlaust stöðvaðar og gerðir verði alþjóðlegir samningar sem banni öll vopn í himingeimnum og einnig vopn sem beint er að gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins.
- c. Norðurlönd geri formlegan samning um kjarnorkuvopnalaust svæði sem banni algjörlega flutninga á kjarnorkuvopnum til Norðurlanda. Ísland lýsir sig reiðubúið að gefa út sjálfstæða yfirlýsingu um slíkt bann við flutningum á kjarnorkuvopnum til landsins.
- d. Bannað verði að flytja kjarnorkuvopn í hafdjúpum og á hafinu innan efnahagslögsögu Íslands, Færeyja og Grænlands og leitað verði eftir samstöðu við þessar grannþjóðir um framkvæmd á slíku banni.
- e. Kjarnorkuveldin hefji á árinu 1985 reglubundna árlega fækkun kjarnorkusprengrja og flugskeyta, svo og flugvéla sem ætlað er að flytja kjarnorkusprengrjur. Slík áætlun um niðurskurð kjarnorkuvopnabirgðanna miðist við að náð verði að minnsta kosti helmingi niðurskurði á heildarbirgðum fyrir lok þessa áratugar og enn örari niðurskurði á næstu árum þar á eftir uns allsherjarkjarnorkuafvopnun hefur verið náð.
- f. Mynduð verði alþjóðleg eftirlitsstofnun sem með nýtingu gervihnatta og reglubundnum eftirlitsferðum verði fær um að fylgjast með framkvæmd afvopunar og að upplýsa brot á hinu alþjóðlega samkomulagi.
- g. Stofnaður verði þróunarsjóður sem veiti fjármagn, sem áður var ætlað til hernaðar, til að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja úr hungri á sama tíma og árleg heildarútgjöld til hernaðar í heiminum nema yfir 500 þús. milljónum dollara.

2. Fyrirsögn till. verði: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir í afvopnunarmálum.